

GÆÐAFRÉTTIR

Mannvirkjagreinar

Efnisinnihald

- Office pakkinn með gæðakerfinu
- CE merkingar
- Áhættumat
- Hallæris góðæri
- Eftirlitsáætlanir

“Þessu fréttabréfi er ætlað að minna félagsmenn Samtaka iðnaðarins og meistarafélaganna á aðstoð Samtakanna varðandi gæðastjórnun og rekstur”

-Ferdinand Hansen

Office 365 með gæðakerfinu

Þeir sem eru með gæðakerfið sitt hjá SI og þurfa að endurnýja office pakkann sinn, það er outlook, word, excel, powderpoint og fl. geta nú fengið þessi forrit í gegnum aðganginn að gæðakerfinu. Það einfaldar alla aðgangsstýringu og tryggir ávalt nýjustu uppfærslur. Þau fyrirtæki sem eiga ekki eigið lén og geta þar að leiðandi ekki notað eigin endingu í netfanginu sínu geta fengið endinguna ...@gsi.is með því að fara þessa leið.

Eftirlitsáætlun iðnmeistara og byggingarstjóra (gæðastýringaráætlun)

Samkvæmt lögum um mannvirki og þar með byggingarreglugerð er iðnmeisturum, byggingarstjórum, hönnuðum og hönnunarstjórum skylt að sinna innra eftirliti. Innra eftirlit er að ábyrgðaraðilar skilgreini hvar á að koma á eftirliti til að tryggja og sanna að kröfum hafi verið fullnægt samkvæmt hönnunargögnum, lögum og reglugerðum.

Iðnmeistarar og hönnuðir

- skulu skipuleggja og sinna eigin innra eftirliti á þeim verkþáttum sem þeir eru ábyrgir fyrir og skjalfesta niðurstöður til sönnunar.

Byggingar- og hönnunarstjórar

- skulu skipuleggja og sinna innra eftirliti fyrir hönd eiganda mannvirkis.

Samvinna aðila

Mikilvægt er að iðnmeistarar og byggingarstjórar rýni hönnunargögn og sammælist um eftirlitsþætti.

1. nóvember er á döfni námskeið hjá IÐUNNI fræðslusetur

sem er ætlað þeim iðnmeisturum og byggingarstjórum sem vilja bæta hæfni sína til að sinna innra eftirliti samkvæmt byggingarreglugerð. Hentugt námskeið fyrir þá sem vilja auka skilvirkni og hagnast á aðferðafræði gæðastjórnunar. Best er ef þátttakendur koma með hönnunargögn úr verki sem þeir eru að vinna. [Skoða námskeið IÐUNNAR fræðslusetur.](#)

Hljóðglærur á vef SI

á vef SI er að finna hljóðglærur og greinar um innra eftirlit. [Sjá hljóðglærur SI.](#)

Í dag getur þú lagt grunninn að góðum morgundegi í stað þess að eyða tímanum í að redda gærdeginum!

“ÁRÍÐANDI”

CE merkingar á gluggum og hurðum ber að taka alvarlega. [Sjá uppl. MVS](#)

Krafan um CE merkingar á byggingarvörum hefur stöð í [Lögum um byggingarvörur nr. 114 26. nóvember 2014.](#)

Það er lagaleg skylda og á ábyrgð iðnmeistara og byggingarstjóra samkvæmt [Lögum um mannvirki](#) að tryggja rétta notkun á byggingarvörum fyrir hönd eiganda mannvirkis.

[Sjá lista yfir vörur sem eiga að vera CE merktar](#)

Áhættugreining

Við tímabundnar framkvæmdir við mannvirkjagerð gilda tilteknar reglur. 4. október er námskeið hjá IÐUNNI fræðslusetur varðandi Öryggis- og heilbrigðisáætlun. [Sjá námskeið IÐUNNAR fræðslusetur.](#)

Hallæris góðæri!

Í síðustu uppsveiflu sáu SI ástæðu til að setja á blað nokkur varnarorð varðandi mikla eftir- og næturvinnu. Þau orð sem þar voru rituð eru vissulega í fullu gildi í dag. Það má lesa greinina með því að [smella hér.](#)